

Við lok 1. þekkingar á nemandi að kunna skil á eftirfarandi:

Reikniaðgerðir

- að þekkja aðgerðarmerkin $+$ $-$ $=$
- að þekkja tölurnar $0 - 100$
- að þekkja hugtökin samlagning/plús, mínus/frádráttur.
- að skrifa fyrstu 20 tölurnar
- að þekkja raðtölur
- að leggja saman tölur upp í 100
- að draga frá með tölum upp í 100
- að þekkja heilu og hálfu tímana á klukkunni
- kynnast sléttum tölum og oddatölum
- að þekkja sætisgildin einingu, tug og hundrað
- kynnast notkun vasareiknis

Mynstur og algebra


- geta teiknað mynstur
- geta lokið við mynstur

Rúmfræði og mælingar

- að þekkja ferhyrning, þríhyrning og hring
- að þekkja ferstrending, sívalning og kúlu
- að geta hliðrað og speglað einfaldar myndir

Tölfræði og líkur

- að búa til og lesa úr einföldum töflum og súluritum



Myllubakkaskóli

Vinum saman

Verkferill í stærðfræði

1. þekkingar

„Við gerum þetta saman“

Ágætu foreldrar

Í þessum einblöðungi finnið þið þau stærðfræðiatriði sem börnin ykkar eiga að læra á þessu skólaári. Hér er einnig að finna verkferil sem fylgt er í kringum hvert kaflapróf.

Með þessu viljum við auka möguleika foreldra á virkri þátttöku í námi barna sinna. Það hefur margsýnt sig að með þátttöku foreldra aukum við til mikilla muna líkurnar á góðum árangri.

1. Innlögn

Innlögn á efnisatriði/atridum. Haft er samband við forráðamenn þeirra nemenda sem gætu átt erfitt með að tileinka sér efnispættina. (3 - 4 vikur)

2. Gátlisti fyrir könnun

Nemendur og foreldrar fá gátlista viku fyrir vetrar- og vorpróf (5 virkir dagar).

3. Upprifjun

Fyrir hvert kaflapróf er farið í upprifjun. Kennari metur þörf á hve mikill tími fer í hana.

4. Könnun

Viðmið um árangur er eftirfarandi:

Yngsta stig 80%

Miðstig 75%

Unglingastig 70%(eða einstaklings-miðað).

5. Eftirfylgni

Haft er samband við foreldra þeirra nemenda sem ná ekki viðmiðum. Þjálfunarefni sent heim.

6. Gagnabanki

rasmus.is

vefir.nams.is/sproti

vefir.nams.is/krakkasidur

matematikonline.dk